

Sp.

48. Tillaga til þingsályktunar

[48. mál]

um endurskoðun veðlaga.

Flm.: Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða ákvæði löggjafarinnar um veð, sbr. lög nr. 18 4. nóvember 1887, ásamt síðari breytingum þeirra laga, og undirbúa nýja heildarlöggjöf um það efni.

Greinargerð.

Þegar veðlögin voru sett árið 1887, voru atvinnuhættir hér á landi harla fábreyttir og lánastarfsemi litil. Veðsetningar skiptu þá eigi miklu máli. Í þeim efnum hefur orðið hér gerbreyting, eins og alkunnugt er. Atvinnuvegirnir hafa tekið miklum stakkaskiptum. Atvinnulífið er orðið fjölbreyttara og með allt öðru sniði en áður fyrr. Lánastarfsemi í ýmsum myndum hefur stóráukizt og margfaldazt. Veðsetningar hvers konar hafa að sama skapi færzt í aukana og eru nú snar þáttur viðskiptalífsins.

Það liggur í hlutarins eðli, að hin gömlu veðlög frá 1887 voru eigi miðuð við þvilíkar stórbreytingar. Þau hafa því eðlilega ekki getað fullnægt að öllu leyti nýjum kröfum viðskiptalífsins og breyttum aðstæðum. Reynt hefur verið að bæta úr aðkallandi þörf hverju sinni með breytingum á lögnum eða viðaukum við þau. Þær lagfæringar á lögnum hafa sjálfsagt verið óhjákvæmilegar, eins og á stóð, en hafa verið gerðar án þess að litið væri á veðmálaefnin í heild. Veðlögin eru því að ýmsu leyti úrelt orðin, og er vafasamt, að sumar þær veðsetningar til lánsstofnana, sem nú tíðkast, séu í fullu samræmi við þau. Það er því óefað orðið tímabært að taka lagaákvæðin um veð til rækilegrar endurskoðunar og setja nýja heildarlöggjöf um veðmálaefni. Verður þá um leið að taka til athugunar, hvort lögveðsákvæði eru ekki komin út í öfgar og farin að grafa undan gildi samningsveða. Til þessarar lagaendurskoðunar þarf vel að vanda, og verður því að ætla til hennar nægan tíma.

Fyrir tillögu þessari verður gerð nánari grein í framsögu.